

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## **269. FUNDUR.**

269. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### **Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður, Magnús Eðvaldsson varamaður og Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður

### **Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri  
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir.

## **1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.**

**Fundargerð 900. fundar** frá 14. mars sl. Fundargerð í 13 liðum.

Borinn undir atkvæði annar liður fundargerðarinnar „Umsókn Reykjahöfða ehf um lóð við Norðurbraut, neðan sláturhúss fyrir gistiheimili og eftirfarandi bókun byggðarráðs

„Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir að unnin verði skipulagslýsing fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Húnaþing vestra 2014-2026 skv. 30. gr skipulagslaga.

Breytingin er á svæði austan Norðurbrautar á móts við sláturhúslóðina. Breytingin felur í sér að hluti af opnu svæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Ennfremur er samþykkt að gerð verði breyting á deiliskipulagi fyrir svæðið austan Norðurbrautar skv. 43. gr. sem verður auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi.“ Samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 901. fundar** frá 29. mars sl. Fundargerð í 13 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 902. fundar** frá 11. apríl sl. Fundargerð í 8 liðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir ákvörðun byggðarráðs um að taka tilboði lægstbjóðanda, Vinnuvélar Símonar ehf. í

vinnuútbod vegna hitaveituframkvæmda í Húnaþingi vestra 2016 og 2017 og felur sveitarstjóra undirritun samnings þegar kærufrestur annarra bjóðenda er runninn út. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## **2. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, varaoddviti kynnti.**

**Fundargerð 266. fundar** frá 7. apríl sl. Fundargerð í 5 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður og samþykktur með 7 atkvæðum

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður og samþykktur með 7 atkvæðum

Borinn undir atkvæði 3. dagskrárliður og samþykktur með 7 atkvæðum  
Borinn undir atkvæði 4. dagskrárliður og samþykktur með 7 atkvæðum  
Borinn undir atkvæði 5. dagskrárliður og samþykktur með 7 atkvæðum  
Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt með 7 atkvæðum.

**3. Fundargerð félagsmálaráðs, varaoddviti kynnti.**

**Fundargerð 169. fundar** frá 16. mars sl. Fundargerð í 5 liðum.

Sigríður Elva Ársælsdóttir vék af fundi við afgreiðslu og umræður 4. liðar vegna vanhæfis.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**4. Fundargerð fræðsluráðs, varaoddviti kynnti.**

**Fundargerð 170. fundar** frá 6. apríl sl. Fundargerð í 2 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**5. Fundargerð landbúnaðarráðs, varaoddviti kynnti.**

**Fundargerð 138. fundar** frá 11. mars sl. Fundargerð í 7 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 139. fundar** frá 6. apríl sl. Fundargerð í 2 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**6. Fundargerðir ungmennaráðs, varaoddviti kynnti.**

**Fundargerð 33. fundar** frá 9. febrúar sl. fundargerð í 2 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 34. fundar** frá 15. mars sl. Fundargerð í 3 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**7. Ísland ljóstengt**

Lögð fram drög að samningi við Fjarskiptasjóð um styrkúthlutun til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli á árinu 2016.

Samningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

**8. Gjaldskrá hitaveitu, varaoddviti kynnti.**

Lögð fram tillaga að nýrri gjaldskrá Hitaveitu Húnaþings vestra.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**9. Skýrsla sveitarstjóra**

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl: 16:21

---

Magnús Eðvaldsson

---

Ingimar Sigurðsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Elín R. Líndal

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir.

---

Gunnar Þorgeirsson

---

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

---

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri